

**Ed.**

**348. Nefndarálit**

**[19. mál]**

um frv. til 1. um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin gat ekki orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins. Mælir meiri hlutinn með, að það verði samþykkt óbreytt, en minni hlutinn vill gera á því breytingu.

Í upphafi 1. gr. eru sett fram skilyrði fyrir því, að einstaklingar og félög megi eignast rétt til fasteigna hér á landi, og er meginefnið það, að eigendur skuli vera íslenskir ríkisborgarar. Síðar í sömu grein er þessu þó öllu riftað, og er ráðherra heimilað að hafa skilyrðin að engu, hvenær sem honum býður svo við að horfa. Þessari ótakmörkuðu heimild er minni hlutinn mótfallinn og vill þrengja hana að mun, þannig að útlendingur fái því aðeins rétt til fasteignar, að hann hafi eignast hana við hjúskap eða erfðir eða öðlazzt réttindin fyrir gildistöku laganna. Um þessa takmörkun á heimild ráðherra flytur 1. minni hl. breytingartillögu á þskj. 333, og er 2. minni hl. fylgjandi henni.

Í 4. tölulið 1. gr. er gert ráð fyrir, að útlendingar megi að vissu marki eiga fé í íslensku hlutafélagi og geti þannig fengið eignar- og afnotarétt fasteignar hér á landi. Engin ákvæði um þetta eru í gildandi lögum. Ráðabreytni þessari er 2. minni hl. andvígur og flytur í samræmi við það breytingartillögu á sérstöku þingskjali, þar sem ákveðið er, að í félagi, þar sem enginn einstaklingur ber fulla ábyrgð, skuli allir aðilar vera íslenskir ríkisborgarar.

Aðrar þjóðir telja nauðsynlegt að takmarka rétt útlendinga til fasteigna í löndum sínum. Sú nauðsyn er álitin því brýnni sem þjóðin er fámennari. Sérstaklega er okkur Íslendingum mikill vandi á höndum að þessu leyti. Ef erlendum einstaklingum eða félögum tekst að ná tangarhaldi á dýrmætum fasteignum eða auðlindum landsins, er vafur fyrir dyrum í okkar litla þjóðfélagi. Alþingi ber því að setja strangar skorður í þessu efni og má sízt veita einum ráðherra fullt úrskurðarvald. Ef til álita kemur að veita undanþágur í einstökum tilvikum, þá færi bezt á því, að Alþingi sjálft fjallaði þar um hverju sinni, en ekki ráðherra, svo mikilsverð er takmörkun réttar útlendinga til eigna og umráða í landinu.

Alþingi, 21. marz 1966.

Alfreð Gíslason.